

## **FRAMKVÆMDASTJÓRI SUNDFÉLAGSINS ÆGIS**

Sundfélagið Ægir óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra og sundþjálfara. Um er að ræða fullt starf sem skiptist til helminga, 50% staða sem framkvæmdastjóri félagsins og 50% staða sem sundþjálfari hópa í Laugardal, staðan er fyrir komandi tímabil 2017/2018

### **Starfssvið framkvæmdastjóra:**

- Halda utan um skráningar allra iðkenda
- Ber ábyrgð á innheimtu æfingagjalda
- Er tengiliður félagsins við hagsmunasamtök og félög sem tengjast Ægi
- Vinnur að kynningarmálum fyrir félagið
- Sér um símsvörun, vöktun netfanga og utanumhald með heimasíðu félagsins

### **Starfssvið þjálfara:**

- Vinnur að markmiðasetningu iðkenda og fylgir þeim eftir ásamt yfirþjálfara
- Stuðlar að heilsteyptri og samræmdri þjálfun allra hópa
- Þjálfar hópa í Laugardal í samvinnu við yfirþjálfara
- Sér um skráningu á mót og skipulagningu æfingaferða ásamt öðrum þjálfurum
- Sýnir frumkvæði að þátttöku í mótum í samvinnu við yfirþjálfara
- Heldur góðum tengslum við foreldra iðkenda

### **Hæfni:**

- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Viðkomandi þarf að vera skipulagður og nákvæmur í störfum sínum
- Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu af sundþjálfun
- Íþróttáfræðimenntun er kostur
- Sérhæfing í sundþjálfun er kostur

### **Öll verkefni eru unnin í nánun samstarfi við yfirþjálfara og stjórn félagsins**

Hjá Sundfélaginu Ægi starfar stór og öflugur hópur þjálfara, yfirþjálfari er Jacky Pellerin sem hefur yfirgrípsmikla reynslu sem sund- og yfirþjálfari, ásamt því að vera landsliðsþjálfari um árabil. Ægir hefur reglulega átt fulltrúa á Ólympíuleikum og fjölda sundmanna í landsliði SSÍ í fullorðins- og unglíngaflokkum. Sundfélagið Ægir stundar metnaðarfullt starf fyrir alla sundmenn félagsins, frá Gullfiskahópum upp í gullhóp. Ægir er keppnisfélag sem stefnir markvisst að afrekum í sundíþróttum, ásamt því að vera fyrirmyndarfélag ÍSÍ og starfar með það að leiðarljósi.

Umsóknarfrestur er til 23. júlí næstkomandi, nánari upplýsingar veitir Lilja Ósk Björnsdóttir á [aegir@aegir.is](mailto:aegir@aegir.is)